

Fundargerð 91. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2026, mánudaginn 2. mars kl. 12:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Ísleifur Jónasson, Jónína Brynjólfsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Kjartan Benediktsson og Kristinn Andersen.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Drög að frumvarpi til laga um rýmiseignir og afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati - óskað umsagnar - 2602001SO

Drög að umsögn um drög að frumvarpi til laga um rýmiseignir og afnám undanþágu frá fasteignamati lagt fram til samþykktar.

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga samþykkir fyrirbyggjandi umsögn samtakanna um drög að frumvarpi um rýmiseignir og afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati, mál S-51/2026.

Málið er samtökunum afar mikilvægt enda hefur afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati verið eitt helsta hagsmunamál þeirra frá stofnun. Í umsögninni er sérstaklega lögð áhersla á að skattlagning orkumannvirkja verði sanngjörn, gagnsæ og tryggi að orkusveitarfélög njóti eðlilegs ávinnings af þeim mannvirkjum og þeirri auðlindanýtingu sem hefur veruleg áhrif á nærsamfélög. Jafnframt er áréttað að endanleg útfærsla frumvarpsins megi hvorki leiða til tekjuskerðingar sveitarfélaga né veikja fjárhagslega stöðu þeirra.

Stjórn samtakanna hvetur aðildarsveitarfélög til að senda inn umsagnir um málið með áherslu á staðbundna hagsmuni.

2. Samtök orkusveitarfélaga - önnur mál - 2509006SO

Til umræðu kostnaður stjórnarmanna vegna hagsmunagæslu fyrir samtökin.

Samþykkt að stjórnarmenn er tóku þátt í heimsóknum til þingflokka í febrúarmánuði fái greiddan ferðakostnað.

Fundi var slitið kl. 13:00